

Skáholuborun fyrir Fljótalax

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-84/11

SKÁHOLUBORUN FYRIR FLJÓTALAX

Sumarið 1981 var reynt að bora eftir heitu vatni í Reykjarhól í Vestur-Fljótum, en sú borun bar ekki árangur. Í framhaldi þar af var borað skáhallt inn í hólinn með litlum bor. Þá tókst betur til og fengust um 2 1/2 l/s af 86°C heitu vatni úr holu sem boruð var með 20° halla 36 m inn í hólinn. Úr annarri slíkri skáholu fékkst um 1 l/s af 60°C heitu vatni. Seiðaði Fljótalax hefur síðan treyst á þessar tvær holur.

Uppstreymisrás heita vatnsins er inn undir hólnum, um það bil 150 m austan við borplanið sem borað var á 1981 og 1982. Þangað verður ekki náð nema með skáholu. Gerð er tillaga um allt að 45° hallandi holu, sem boruð yrði lengra inn í hólinn, það langt að næðist að skera uppstreymisrásina. Kostur er að skera hana sem dýpst, 45° holan er því álitlegri en t.d. 20° hallandi hola. 45° holuna væri einnig hægt að bora sverari þ.e. 4 1/2", en 20° holuna einungis 3". Reikna yrði með um 250-300 m langri holu ef 45° holan yrði valin. Borað yrði í gegnum harðnaðan jökulruðning, völuþberg og leirstein.

Vatnsborð í holu 2 er í 50 m dýpi, en hola 1 stendur því sem næst full. Í holu 1 gætir þrýstíáhrifa frá jarðhitavatninu, en hún er fóðruð í 54 m. Hola 2 er ekki fóðruð. Vatnsborð í nýrri holu sem boruð yrði með allt að 45° halla gæti orðið svipað og í holu 2, og því reynst nauðsynlegt að steypa holuna upp eða fóðra hana niður í fast berg, um það bil 70 m. Ný hola yrði staðsett nærri grunnu skáholunni sem gefur mesta og heitasta vatnið (ca. 10 m frá).

Hætt er því við, að ný hola hafi truflandi áhrif á rennsli úr henni á meðan borun stendur yfir. Þarf stöðin að vera viðbúin slíku. Útvega þyrfti djúpdælu með mótör, sem sett yrði í holu 1 meðan á borun stendur. Fóðurrörið í holu 1 er 8 5/8" vítt. Úr henni mætti totta um 1 l/s af rúmlega 60°C heitu vatni. Ef borað yrði með lofti, er líklegt að báðar holurnar sem fiskeldisstöðin notar nú þorni upp á meðan borað væri gegnum setlöggin ofan á blágrýtinu. Minni hætta er á, að syðri holan þorni ef borað yrði með snúningskrónu, a.m.k. eftir að komið er í blágrýtið.